

Deloitte.

Hlutverk endurskoðunarnefnda

Morgunverðarfundur 30. apríl 2009

Jón Rafn Ragnarsson



Endurskoðunarnefndir – nýjar undir sólinni?

- Árið 1939 kynnti Kauphöllin í New York (NYSE) í fyrsta sinn hugtakið endurskoðunarnefnd (audit committee)
- Árið 1977 er það gert að skyldu hjá félögum í Kauphöllinni í New York að endurskoðunarnefndir séu skipaðar óháðum aðilum
- Árið 2002 Sarbanes-Oxley Act
- Árið 2005: Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja gefnir út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins
 - Þar kemur hugtakið endurskoðunarnefnd fyrst fram á Íslandi
- 8. mars 2006 – 8. félagaréttartilskipun Evrópusambandsins um lögboðna endurskoðun er gefin út – þar er aðildarríkjum gert að setja í lög að einingar tengdar almannahagsmunum skuli hafa endurskoðunarnefndir
- 1. janúar 2009 – breytingar á lögum um ársreikninga taka gildi

Einingar tengdar almannahagsmunum

- a. Lögaðili sem er með skráð lögheimili á Íslandi og hefur verðbréf sín skráð á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins, í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA) eða í Færeyjum
- b. Lífeyrissjóður sem hefur fullgilt starfsleyfi
- c. Lánastofnun eins og hún er skilgreind í lögum nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki
- d. Félag sem hefur starfsleyfi til að reka váttryggingastarfsemi hér á landi samkvæmt lögum nr. 60/1994, um váttryggingastarfsemi

Endurskoðunarnefnd – hlutverk

- Eftirlit með vinnuferli við gerð reikningsskila
 - Reikningsskilareglur í samræmi við viðeigandi reglur?
 - Er félagið að beita sömu reikningsskilareglum og samkeppnisaðilar?
 - Áhrif breytinga á reikningsskilareglum
 - Hvernig er reikningshaldslegu mati stjórnenda háttað? Hvaða aðferðum beita stjórnendur, t.d. gagnvart flóknu mati eins og viðskiptavild, útdeilingu kaupverðs o.fl.
 - Yfirllestur ársreikningsins
- Eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits einingarinnar, innri endurskoðun, ef við á, og áhættustýringu
 - meta verklagsreglur
 - meta fylgni við verklagsreglur
 - fylgja eftir úrbótum á göllum

Endurskoðunarnefnd – hlutverk

- Eftirlit með endurskoðun ársreiknings og samstæðuársreiknings einingarinnar.
 - Umfang endurskoðunar
 - Endurskoðunaráætlun
 - Samstarf við endurskoðanda
 - Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar ISA
- Mat á óhæði endurskoðanda og eftirlit með öðrum störfum endurskoðanda
 - Staðfesting endurskoðanda á óhæði
 - Ógnanir við óhæði – sjálfsmatsáhætta, tæknileg aðstoð o.fl.
 - Tryggja að önnur störf endurskoðanda hafi ekki áhrif á óhæði hans
- Setja fram tillögu til stjórnar um val á endurskoðanda

Deloitte.

Hlutverk endurskoðunarnefnda

Morgunverðarfundur 30. apríl 2009

Árni Jón Árnason



Skipun endurskoðunarnefnda - Hverjir sitja í nefndinni?

■ Endurskoðunarnefndir eiga sér stoð í lögum nr. 3/2006 um ársreikninga

- Í a. lið 3. gr. laganna kemur fram að
 - “Hún skal skipuð þremur mönnum hið minnsta eigi síðar en mánuði eftir aðalfund.”
 - “Nefndarmenn skulu vera óháðir endurskoðanda eða endurskoðendum einingarinnar og meiri hluti nefndarmanna skal jafnframt vera óháður einingunni. Framkvæmdastjóri viðkomandi einingar skal ekki eiga sæti í nefndinni. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar og skal að minnsta kosti einn nefndarmanna hafa staðgóða þekkingu og reynslu á sviði reikningsskila eða endurskoðunar.”
- Í þessari lagagrein er ekki skilyrt að meðlimir nefndarinnar skuli jafnframt vera stjórnarmenn
- Í Bretlandi er hins vegar gert ráð fyrir að meðlimir endurskoðunarnefnda skulu vera stjórnarmenn (sem jafnframt starfa ekki hjá fyrirtækinu) og að meirihluti nefndarmanna skuli vera óháður fyrirtækinu. Þessi krafa um óhæði frá framkvæmdastjórn fyrirtækisins er til að tryggja sjálfstæði nefndarinnar. Í breskum lögum er gerð frekari krafa um að nefndarmaður hafi ekki starfað hjá fyrirtækinu sem starfsmaður í þrjú ár

■ Hver er þá besta framkvæmd (e. best practice) tryggð?

- Eins og kemur fram í lögnum er lágmarksfjöldi meðlima í endurskoðunarnefnd þrír, á alþjóðlegum vettvangi er mælt með að þrír til fimm skipi nefndina en þó geta fleiri skipað hana ef tilefni þykir til þess
- Þrátt fyrir að íslensku lögini banni ekki að aðilar sem ekki sitji í stjórn fyrirtækisins sitji í endurskoðunarnefndinni tel ég æskilegt að nefndin sé einvörðungu skipuð aðilum úr stjórn félagsins (hér er innleiðing ekki í takt við tilskipun því gert er ráð fyrir því að hún sé annað hvort skipuð aðilum úr stjórn eða kosin sérstaklega á aðalfundi)
- Æskilegt er að skipt sé út þeim er sitja nefndina með reglubundnum hætti, þannig að þekking á málefnum tengdum henni skapist hjá stjórn félagsins. Þó er ekki æskilegt að stjórnarformaður félags sem er háður fyrirtækinu sitji í nefndinni (hér er einkennileg innleiðing því lögini tala um framkvæmdastjóra en tilskipunin segir “chairman” sem er stjórnarformaður)

Hæfiskröfur til meðlima endurskoðunarnefnda

Tryggja að þekking á rekstri sé til staðar

■ Skilvirkni endurskoðunarnefnda er lykilatriði og því eru gerðar miklar kröfur til meðlima hennar

- Þeir þurfa að hafa sterkan skilning á rekstri fyrirtækisins ásamt þekkingu á virkni ferla og þeirri starfsgrein sem fyrirtækið er í
- Þeir þurfa að hafa breiða þekkingu á sviði viðskipta og hafa hæfileika sem nýtast við störf nefndarinnar
- Að auki þarf að minnsta kosti einn meðlimur hennar (óháður) hafa þekkingu á sviði endurskoðunar, reikningsskila og fjármálum
- Þess fyrir utan er nauðsynlegt að meðlimir þekki
 - Félagslegt, pólitískt, siðferðilegt, hagfræðilegt og lagalegt umhverfi þar sem fyrirtækið starfar
 - Þekki skipulagsheild (e. organisational structure) fyrirtækisins og stefnu þess
 - Skilji rekstur fyrirtækisins, áætlanagerð, eftirlit og framleiðsluaðferðir
 - Sé fjárhagslega læs (e. financially literate) og hafi nægan skilning á reikningshaldi og fjármálum til að skilja málefni sem lögð eru fyrir nefndina
 - Sé hlutlægur í dómgreind og anda, sé tilbúinn að spyrja rétttra spurninga og afla sér staðreynda og taka ákvörðun á grundvelli þekkingar
- Nauðsynlegt er að endurskoðunarnefnd hafi svigrúm og heimild til að ráða sér ráðgjafa til aðstoðar við viðfangsefni sín

Endurskoðunarnefndir - Skilgreining starfsreglna

■ Nauðsynlegt er að stjórn fyrirtækis setji endurskoðunarnefnd starfsreglur

- Starfsreglur ættu að lágmarki að innihalda
 - Tilgang og hlutverk endurskoðunarnefndar
 - Hvernig hún er skipuð og af hverjum
 - Vald og ábyrgð
 - Hvaða auðlindir standa henni til boða
 - Fundartíðni
 - Hverjir sækja skulu fundi
 - Hvernig halda skal fundargerð
 - Sérstakar skyldur nefndarinnar
 - Skilgreining hvaða skýrslum skal skilað til stjórnar og hvenær

Tilgangur endurskoðunarnefnda - Er starfsnefnd stjórnar

■ Endurskoðunarnefndir eru starfsnefndir stjórnar

- Gefa skýrslu beint til stjórnar
- Eru ráðgefandi en eru ekki eftirlitsnefnd
- Gefur sjálfstætt og huglægt álit á endurskoðunarferlinu, innra eftirliti og skýrslugjöf til stjórnar
- Hlutverk nefndarinnar ræðst af stærð og eðli fyrirtækisins

■ Þessi hlutverk má setja fram sem

- Fjárhagsleg- og önnur skýrslugjöf
 - Endurskoðunarnefnd fer yfir ársreikning og ef tilefni er til árshlutareikninga og leggur áherslu á þætti er varða staðfestingu og að sannreyna að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri fyrirtækis. Endurskoðunarnefnd fer jafnframt yfir önnur opinber skjöl sem gefin eru út af fyrirtækinu
- Innra eftirlit og áhættustýring
 - Endurskoðunarnefnd er ábyrg fyrir að fylgjast með stefnu stjórnar og að tryggja að fyrirtækið hafi innleitt viðeigandi innri eftirlitsþætti til að tryggja eftirlit og virkni með áhættu í rekstri fyrirtækisins
- Endurskoðun
 - Endurskoðunarnefnd gengur úr skugga um að innri og ytri endurskoðun fyrirtækisins sé framkvæmd þannig að nægjanlegt eftirlit með skilvirkni ferla sé til að tryggja að áhættueftirlit fyrirtækisins sé nægjanlegt
- Aðstoð við framkvæmdastjórn
 - Við og við munu daglegir stjórnendur óska eftir aðstoð nefndarinnar við sérstök úrlausnarefni er varða rekstur fyrirtækisins
- Jafnvægi
 - Endurskoðunarnefnd er ekki að sinna innra eftirliti sjálf heldur að ganga úr skugga um að nægjanlegt eftirlit sé til staðar innan fyrirtækisins

Áhættumat og innra eftirlit - Einn mikilvægasti þáttur eftirlitshlutverks stjórnar

- Fyrir stjórn fyrirtækis er mikilvægt að tryggja að áhættur sem steðja að fyrirtækinu sé stýrt og þær skilgreindar
- Stýring áhætta veltur á að til staðar séu kerfi og ferlar sem styðja við innra eftirlit
- Endurskoðunarnefnd skal ganga úr skugga um að stjórnendur fyrirtækisins greini helstu áhættur og tryggi að eftirlit sé til staðar og því viðhaldið
- Endurskoðunarnefnd skal sérstaklega athuga þá stefnu og markmiðasetningu sem er til staðar og hvort innra eftirlit hafi verið innleitt með viðeigandi hætti og að virkni eftirlits sé til staðar
- Þeir þættir sem lagðir hafa verið til grundvallar við mat stjórnar á innra eftirliti eru m.a.:
 - Eðli og umfang áhættu sem fyrirtækið stendur frammi fyrir í rekstri sínum
 - Hversu mikla áhættu og hvaða áhættu fyrirtækið er tilbúið til að bera
 - Líkindi á því að áhætta myndist
 - Geta fyrirtækis til að draga úr áhættunni og áhrifum hennar á rekstur fyrirtækisins
 - Kostnaður við að viðhalda eftirliti með ákveðnum áhættum í samhengi við líklegan ábata af stýringunni
- Endurskoðunarnefndir leika lykilhlutverk í að vera ráðgefandi til stjórnar um virkni áhættustýringar og eftirlitskerfa og þeir lykilþættir sem endurskoðunarnefnd getur gefið umsögn um virkni til stjórnar eru:
 - Styrkur áhættugreiningar
 - Skilvirkni rekstrar og fjárhagslegra eftirlitsþátta
 - Áreiðanleiki og tímanleiki (e. timeliness) innri og ytri fjárhagslegrar sem og ófjárhagslegrar skýrslugjafar
 - Reglufylgni við lög, reglur og starfsreglur

- Endurskoðunarnefndir þurfa að leggja sérstaka áherslu á samskipti við innri endurskoðanda fyrirtækis og tryggja að nefndin fái allar skýrslur, svör stjórnenda við þeim og jafnframt að allur ágreiningur milli stjórnenda og innri endurskoðanda sem skiptir máli komist til nefndarinnar
- Endurskoðunarnefndin getur sérstaklega haft til skoðunar:
 - Markmið og rekstur innri endurskoðunar
 - Staðfesta ráðningu forstöðumanns innri endurskoðunar
 - Frammistöðu og huglægni innri endurskoðunar og þær auðlindir sem hún hefur til ráðstöfunar
 - Stefnumótun og árlega verkáætlun innri endurskoðunar
 - Sérstakar ábendingar innri endurskoðunar
 - Val og brottrekstur forstöðumanns innri endurskoðunar
 - Samvinna og samþætting innri og ytri endurskoðunar
- Æskilegt er að forstöðumaður innri endurskoðunar gefi skýrslu beint til endurskoðunarnefndar til að auka sjálfstæði innri endurskoðunar

Deloitte.